

Skólaráð Naustaskóla

9. fundur ársins 2015 þann 5. nóvember 2015

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Vaka Óttarsdóttir, Áshildur Hlín Valtýsdóttir og Anna Steinunn Pengilsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Þóra Ýr Sveinsdóttir og Herdís Margrét Ívarsdóttir

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Heimanámsstefna

Framhald frá síðasta fundi. Samantekt leiðir í ljós að heimanám við skólann felst fyrst og fremst í lesetri en einnig í því að vinna upp það sem ekki tekst að vinna í skólanum. Fulltrúar foreldra leggja áherslu á að þeim hluta stefnunnar að heimanám gefi innsýn í vinnuna í skólanum verði gert hærra undir höfði, en heimanám verði áfram mjög hóflegt. Umræður urðu um form á lestri / heimanámi og skilum / staðfestingu á að það fari fram. Hvaða leiðir séu bestar til að virkja foreldra sem best til þátttöku í námi barna sinna o.fl. Skýrari skilaboð virðist þurfa til foreldra um þeirra hlutverk hvað varðar heimanámið og þátttöku í námi nemenda. Hugmyndir um útfærslur s.s. að einu sinni í viku eða mánuði sé ætlast til þess að foreldrar kíki yfir áætlanir með börnum sínum. Skólastjóri útfærir hugmynd að breytingum á heimanámsstefnunni fyrir næsta fund í samræmi við umræður á fundinum.

2. Fjáröflun fyrir útskriftarferðir.

Framhald frá síðasta fundi. Farið yfir drög að verklagsreglum sem skólastjóri hafði tekið saman og sent út fyrir fundinn. Í vinnunni kom í ljós að slíkar reglur voru ekki heldur fyrir hendi í öðrum skólum bæjarins. Nokkrar breytingar gerðar og verklagsreglurnar að því búnu samþykktar, þær verða teknar í notkun og birtar í starfsmannahandbók (sjá viðauka við fundargerðina).

3. Gæsla á sparkvelli.

Framhald frá síðasta fundi. Búið að endurraða gæslunni á yngra stiginu þannig að sem fæstir aðilar annist þessa gæslu. Umræða spannst um starf á yngsta stiginu og kom fram að þar stendur til að bæta við mannskap til að koma enn frekar til móts við nemendur í erfiðleikum.

4. Önnur mál.

Fjáröflun fyrir skólabúðaferð 7. bekkjar. Þarf að halda fund með foreldrum til upplýsinga og skipulags. Einnig talin þörf á verklagsreglum fyrir þessa söfnun og að halda betur til haga gögnum og útbúa gátlista vegna einstakra atburða. Stjórnendur taka til athugunar og úrvinnslu.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 10. desember kl. 15:00 og verður boðað til hans með dagskrá með viku fyrirvara.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð

Viðauki við fundargerð:

Fjáröflun vegna útskriftarferðar 10. bekkjar Naustaskóla – verklagsreglur

Skólinn útnefnir tengililið / tengiliði sem hafa yfirumsjón með fjáröflunarstarfinu fyrir hönd skólans.

Tengiliðir skólans boða til fundar með foreldrum og nemendum í upphafi skólaárs. Verkefni þess fundar er að fara yfir fjáröflunaráætlun vetrarins og skipta ábyrgð á einstökum þáttum milli foreldra. Að auki er skipuð þriggja manna „stjórn“ úr hópi foreldra sem hefur yfirumsjón með fjáröflunum og einn úr þeirra hópi tekur að sér að bera ábyrgð á fjármálum hópsins. Tengiliðir skóla boða foreldrastjórnina til fundar a.m.k. tvisvar yfir veturinn til að fara yfir stöðuna (t.d. í desember og

febrúar). Foreldrar bera meginábyrgð á fjáröfluninni en tengiliðir skóla aðstoða við skipulag og annast tengsl við nemendahópinn eftir þörfum.

Fastir liðir í fjáröflun 10. bekkjar eru kaffisala á viðtalsdögum, tveir dansleikir fyrir 8.-10. bekk, Bingó, kaffisala á árs hátíð, sala á skólafatnaði, gangbrautavarsla og útgáfa símaskrár. Auk þessa ákveða foreldrar á hverjum tíma fleiri fjáröflunarliði eftir þörfum og áhuga. Skólinn leggur til fylgdarmenn í útskriftarferð og ber kostnað vegna launa þeirra. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að fjáröflun standi undir kostnaði við ferðalagið.

Meginreglan skal vera sú að þeir peningar sem safnast eru svo fljótt sem auðið er lagðir inn á reikning árgangsins sem er í vörslu Foreldrafélags Naustaskóla.

Öllum upplýsingum um fjáraflanir, innkomu og fjárhagsstöðu á hverjum tíma skal haldið til haga rafrænt þannig að „stjórnarmenn“ úr hópi foreldra, tengiliðir skólans og skólastjóri geti haft aðgang að. Strax eftir hvern fjáröflunaratburð skulu skráðar þar inn upphæðir sem söfnuðust. Eins skulu þar skráð þau útgjöld sem stofnað er til og hvort búið sé að greiða þau.

Að ferðalagi loknu gerir skólastjóri upp kostnað og tekur saman lokastöðu. Þá er boðað til fundar með tengiliðum skóla og foreldrastjórn til að ákveða ráðstöfun afgangs ef einhver er. Ef afgangur verður af sjóði að ferðalagi loknu þá gengur hann til næsta árgangs (leitast við að það séu alltaf ca 30-50 þús kr). Þá er einnig hægt að verja sjóðnum sem greiðslu upp í útskriftarmyndir fyrir nemendur. Ef afgangur er mikill og áhugi er fyrir að verja hluta hans í gjöf til skólans skal leita samþykkis stjórnar foreldra fyrir því.